

Skólalíf

Þessi skólalífspistill er sá síðasti þennan veturinn, enda skólaárið senn á enda. Skólastarf hefur gengið vel og hefur, eins og fram hefur komið í pistlum vetrarins, verið fjölbreytt, krefjandi og vonandi lærdómsríkt.

Listin í skólanum

Danssýning. Að þessu sinni voru ekki haldnar hefðbundnar árshátíðir á hverju aldurstigi. Bekkjarstarf og alls kyns uppákomur hafa komið í stað þeirra en einnig danssýning sem haldin var í íþróttamiðstöðinni þann 4. maí sl. Þar sýndu nemendur 1. -7. bekkjar afrakstur danskennslunnar í vetur. Einnig sýndu nemendur í dansvali á unglíngastigi frumsaminn dans og zumba. Danskennari skólans, Anna Berglind Júlídóttir á allan heiðurinn að sýningunni sem var hin glæsilegasta og gaman að sjá hve krakkarnir höfðu gaman af.

Þann 22. maí sýndu nemendur 10. bekkjar leikgerð Magnþóru Kristjánsdóttur á söngleiknum Grease. Allir nemendur tóku á einn eða annan þátt í sýningunni og/eða undirbúningi hennar en gríðarleg vinna er að koma svona sýningu á fjalirnar. Sýningin tókst með **miklum** ágætum og gaman að sjá hve krakkarnir voru ófeimnir að syngja og leika fyrir fullum sal. Þarna komu fram listafólk sem á örugglega eftir að láta að sér kveða í framtíðinni. Magþóra leikstýrði verkinu og fékk Erlu Dan Jónsdóttur sér til aðstoðar.

Kórar og lúðrasveitir skólans eru nú að ljúka störfum. Kórnir hafa komið fram við margvísleg tækifæri í vetur, bæði hér innan skólans og utan. Alls staðar hefur verið gerður góður rómur að söngnum. Sama má segja um lúðrasveitirnar en þær hafa spilað víða og munu ljúka starfsárinu með því að leika við skólaslit grunnskólans. Stjórnandi allra tónlistarhópanna er Gestur Áskelsson en honum til aðstoðar með kórana eru Sigríður Kjartansdóttir og Sigprúður Harðardóttir.

Vorskóli

Dagana 18. og 19. maí komu elstu nemendur leikskólans Bergheima í svokallaðan vorskóla. Anna Kristín Gunnarsdóttir kennari tilvonandi

1. bekkjar tók á móti hópnum ásamt Hólmsfríði íþróttakennara og Sigrúnu stuðningsfulltrúa. Krakkarnir skoðuðu skólann, hittu skólastjórana og annað starfsfólk og fengu létt „skólaverkefni“ til að kynnast svólítið því sem framundan er í haust er námið hefst í 1. bekk.

Umhverfið í öndvegi

Grænfáninn var afhentur umhverfisnefnd, nemendum og starfsfólki skólans við hátíðlega athöfn þann 19. maí. Þeirri athöfn eru gerð frekari skil annars staðar í blaðinu.

Þann 23. maí fór 5. bekkur ásamt umsjónarkennara sínum í gróðursetningarferð í samstarfi við umhverfisdeild sveitarfélagsins. Gróðursettu þau plöntur á opnu svæði vestan við bæinn, en hefð er fyrir því að fara með 5. bekkinga í slíka vinnu að vori. Verður gaman að fylgjast með því í framtíðinni hvernig trjánur reiðir af. Vinna sem þessi hefur sannarlega mikið uppeldislegt gildi fyrir börnin og skapar **vonandi** jákvætt viðhorf gagnvart náttúrunni og uppgræðslu.

Skólaárið senn á enda

Í skólanum tölum við gjarnan um vorverkin sem eru í senn bæði skemmtileg og krefjandi. Námsmat og frágangur er sennilega það sem flestir hafa í huga á þessum tíma. Námsmat er auðvitað mikilvægt, en ekki síður eru foreldrakynningar/samstarf, bekkjarkvöld, verkefnaskil og útikennsla órjúfanlegur hluti af vorstarfinu í grunnskólum landsins.

Föstudaginn 2. júní er svo íþrótt-, leikja- og grilldagurinn okkar en þá kemur foreldrafélagið og tekur þátt í deginum með nemendum og starfsfólki.

Skólaslit Grunnskólans í Þorlákshöfn fara svo fram í Íþróttamiðstöð Þorlákshafnar þann 6. júní kl. 17:30 en þangað mæta allir nemendur og forráðamenn þeirra.

Gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn!

Sigprúður Harðardóttir